

HÖNNUN OG SMÍÐI KENNSLUFIRLIT

FELLASKÓLI - NORÐURFELLI 17 - 19, 111 REYKJAVÍK

Bekkur: 3. bekkur

Námsgrein: Hönnun og smíði

Kennari: Daníel Guðjónsson

Önn: Haustönn/vorönn

Markmið: Í námsgreininni hönnun og smíði öðlast nemandinn færni í að nota margskonar efnivið og eykur færni sína og kunnáttu til þess að hanna og búa til hluti. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Við hönnun á sér stað mat innra með einstaklingnum sem þroskar tilfinningu hans fyrir gildi hluta og umhverfis. Smíðin þroskar hins vegar verkfærni og verkkunnáttu og gerir nemandann sjálfstæðan í verki. Nemandinn öðlast þannig skilning á hvernig verk eru brotin upp í verkþætti sem er undirstaða verkskilnings, skipulags og verkaskiptingar. Hönnun og smíði sameinar hug og hönd, hugsun og framkvæmd og veitir því tækifæri til að þroska frumkvæði og sköpunarmátt nemandans á meðvitaðan og markvissan hátt.

Námsgögn:

Verkefni frá kennara

Bækur um hönnun og smíði

Verkfæri og smíðaefni sem nemandinn notar í smíðastofunni.

Lykilhæfni:

Leitast er við að hafa hina sex grunnþætti menntunar að leiðarljósi. Þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, sköpun, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og jafnrétti. Einnig er reynt að styðja við menntagildi lykilhæfni sem felst meðal annars í að styðja við sjálfsvitund og samskiptahæfni nemandans.

Áhersla er lögð á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni.

- Að geti tjáð hugsanir sínar, skoðanir og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni.
- Að geti beitt ímyndunarafli sínu og sköpunargáfu til að takast á við verkefni sín á markvissan hátt.
- Að geti unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.
- Að geti unnið með öðrum að skipulögðum námsverkefnum.
- Að geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum.
- Að geti tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.
- Að geti sett sér með aðstoð markmið í námi.

Hæfniviðmið / matsviðmið:

Til hliðsjónar og viðmiðunar er farið eftir þeim hæfnipáttum sem skilgreindir eru fyrir námssvið list- og verkgreina í heild og hæfnipáttum eins og þeir eru skilgreindir sérstaklega fyrir hönnun og smíði.

Áhersla er lögð á að nemandi öðlist eftirfarandi hæfni.

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar

Námsþættir:

Tímasetning	Námsflokkur	Kennsluhættir	Námsmat
<p>24.08 – 19.11 22.11 – 02.03 03.03 – 07.06</p> <p>Nemandi mætir einu sinni í viku tvær kennslustundir í senn yfir þriðjung vetrar í um það bil 11 skipti.</p>	<p>Handverk, hönnun og tækni með umhverfið í huga þar sem reynir á útfærslu og gerð nokkurra verkefna í hönnun og smíði.</p> <p>Verkefni</p> <p>Mappa og hugmyndabók Þeytisþjald/skopparakr. Púsluspil XOmylla Fánahálsmen Útsöguð hönd Nefkarl (leikfang) Hafið – orð ársins Frjálst val, leitast er við að koma til móts við hugmyndir og óskir nemenda eftir því sem hægt er.</p>	<p>Sýnikennsla, innlagnir, hugmyndavinna, verklegar æfingar, sköpun, samvinnunám</p>	<p>Frammistaða við gerð verkefna</p> <p>Frammistaða í kennslustundum</p> <p>Í lok námslotu er frammistaða nemanda metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem valin hafa verið fyrir námslotuna</p> <p>Lykilhæfni er ekki metin sérstaklega en er mikilvæg í samfélagi manna og ber að leggja áherslu á hana samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla.</p>